

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Drangshlíðardalur, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. júní 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Drangshlíðardal. Hámarkshæð mannvirkja er tekin út en heildarstærð helst óbreytt. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Ey, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 17. október 2024 breytingu á deiliskipulagi við Ey í Vestur-Landeyjum. Með breytingunni er gert ráð fyrir 2 ha lóð með heimild fyrir 300 m² íbúðarhúsi. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 24. október 2024.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.